



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 13. nóvember 2020

2010049SA KB/bg  
Málalykill: 00.63

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um skrá yfir störf hjá sveitarfélögum sem heimild til verkfalls nær ekki yfir, 206. mál**

Vísað er til umsagnarbeiðni frá velferðarnefnd Alþingis dags. 23. október sl. um frumvarp til laga um skrá yfir störf hjá sveitarfélögum sem heimild til verkfalls nær ekki yfir.

Megindrættir frumvarpsins og hluti greinargerðar eru að mestu leyti byggðir á kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Með frumvarpinu er gert ráð fyrir samráði og samkomulagi aðila um gerð skráa um störf sem heimild til vinnustöðvunar nær ekki til. Frumvarpið var unnið í góðu samstarfi aðila og félagsmálaráðuneytisins og er með því tryggt að nauðsynlegasta heilbrigðis- og öryggisþjónusta við íbúa sveitarfélaga sé veitt og lífi og heilsu þeirra verði ekki ógnað vegna verkfalla.

Mikilvægt er að lögfesta samráð um gerð skráa yfir þau störf sem heimild til vinnustöðvunar nær ekki til í stað einhliða afgreiðslu stéttarfélaganna á óskum um undanþágur frá verkföllum. Án lögbundins samráðs um gerð skráa geta sveitarfélög ekki tryggt nauðsynlega þjónustu við íbúa sbr. lögbundna ábyrgð þeirra. Önnur úrræði en lagasetning eru ekki fyrir hendi. Miðað er við að framkvæmd vegna þessara skráa verði sú sama og mælt er fyrir um í 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Sambandið styður eindregið að frumvarpið verði samþykkt og treystir á að það verði að lögum sem fyrst. Sambandið þakkar einnig öllum aðilum er komu að gerð frumvarpsins fyrir gott samstarf.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri